

Nd.

60. Frumvarp

til laga um gagnfræðaskóla á Ísafirði.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Á Ísafirði skal setja á stofn gagnfræðaskóla, er annast skal alla almenna framhaldsfræðslu.

2. gr.

Í skólanum skal kenna þessar greinir:

Íslensku, dönsku, ensku, sagnfræði og þjóðfélagsfræði, reikning, landafræði, náttúrufræði og eðlisfræði, heilsufræði, íþróttir, teikning og þær verklegar greinir, er reglugerð mælir fyrir um. Heimilt er að hreyta námsgreinaskrá með reglugerð.

3. gr.

Bekkir skólans eru þrír, og er nemendum yfirleitt veitt viðtaka í fyrsta bekk. Þó má taka við nemendum í annan og þriðja bekk, enda hafi þeir þá þekkingu og þroska, er til þess útheimtist.

4. gr.

Skólastjóri gagnfræðaskólans hefir að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, auk dýrtíðaruppbótar samkvæmt reglum launalaga, en launin hækka á tveggja ára fresti um 200 kr., upp í 4200 kr. Auk þess hefir hann ókeypis húsnæði, ljós og hita. Í reglugerð skal ákveða skyldur hans og kenslustundafjölda.

5. gr.

Tveir skulu fastir kennarar skólans auk skólastjóra, og hafa þeir að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, auk dýrtiðaruppbótar, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr., upp í 4200 kr. Fastakennarar eru skyldir til þess að kenna 27 stundir á viku. Stundakennarar skulu fengnir til skólans, að því leyti sem kenslu er frekar þörf.

6. gr.

Kenslumálaráðuneytið setur reglugerð fyrir skólann, að fengnum til-
lögum skólaneindar, er bæjarstjórnin á Ísafirði kýs fyrir skólann. Í reglugerð-
inni skal ákveða stundafjölda námsgreina og kröfur til fullnaðarprófs. Próf-
dómendur skipar kenslumálaráðuneytið.

7. gr.

Í reglugerð skal ákveða, að nemendur skólans greiði skólagjald, er renni í skólasjóð. Skal jafnframt ákveðið, hve há skólagjöldin skuli vera. Í skólasjóð rennur það sje, er skólanum kann að áskotnast, nema öðruvisi sje ákveðið. Úr sjóðnum skal greiða allan kostnað við ræsting, ljós og hita o. fl., sje sjóðurinn þess megnugur.

8. gr.

Úr rikissjóði skal greiða allan annan kostnað við skólahaldið, laun allra kennara, viðhald skólahússins, viðhald og aukning áhalda o. fl., en endurgjaldskröfu á rikissjóður hjá bæjarsjóði Ísafjarðar á 1/4 hluta þeirrar upp-
hæðar, er skólastjóra, föstum kennurum og stundakennurum er greitt (1/4 hluta kenslukostnaðarins).

9. gr.

Vorið 1929 lætur ríkisstjórnin byrja að byggja hæfilega stórt skólahús úr steinsteypu. Í skólanum skal vera íbúð fyrir skólastjóra og heimavistir fyrir að minsta kosti 30 nemendur. Ísafjarðarkaupstaður leggur til ókeypis lóð, er kenslumálaráðuneytið tekur gilda. Byggingunni með nauðsynlegum áhöldum og útbúnaði skal lokið sumarið 1930, og tekur skólinn til starfa 1. okt. 1930.

Greinargerð.

Á síðasta þingi flutti þingm. Ísafjarðarkaupstaðar frumvarp, því nær sambljóða þessu. Vær því vísað til mentamálanefndar, en átti ekki afturkvæmt þaðan. Visast að mestu til greinargerðar þeirrar, er þá var látin fylgja frumvarp-
inu, en til viðbótar skal þetta tekið fram:

Ríkið hefir að undanfögnu haldið uppi gagnfræðaskólum í öllum fjórðung-
um landsins nema Vestfirðingafjórðungi. Eru tveir þessara skóla reknir að öllu á
kostnað rikissjóðs, en hinn þriðji, Flensborgarskóli, árlega styrktur með allríflegri
fjárupphæð. Á síðastliðnu ári hefir ríkisstjórnin ákveðið að gera þær breytingar

á Akureyrarskóla, að þaðan geti útskrifast stúdentar. Hlýtur sú breyting að sjálf-
sögðu að hafa í för með sér aukinn kostnað við skólann.

Skólaárið 1924—'25 voru framlög ríkissjóðs til þessara skóla sem hjer segir:

	Alls.	Á hvern nem.	Á námsviku hvers nem.
Akureyrarskóli.	kr. 54441,00	504,00	14,40
Eiðaskóli	— 19365,00	605,00	20,86
Flensborgarskóli	— 14000,00	258,00	9,92

Sama ár var Ísafjarðarskóli, með 2 deildum og 45 nemendum, styrktur með
2600,00 krónum, eða aðeins kr. 2,06 á námsviku hvers nemanda. Árið eftir, 1926,
var styrkurinn lækkaður niður í 2500,00 krónur, en bækkadur síðastliðið ár upp
í 4000,00 krónur.

Í núgildandi fjárlögum er ætlað til:

Akureyrarskóla	kr. 53120,00
Eiðaskóla	— 22120,00
Flensborgarskóla	— 14000,00

en ekki verður annað sjeð en að Ísafjarðarskóla sje ætluð svipuð upphæð og í fyrra.

Unglingaskólinn á Ísafirði hefir jafnan hlotið almanna lof, skólastjórn,
kensla og allur rekstur skólans hefir ávalt verið í besta lagi, enda aðsókn að
honum mikil. Skólinn er nú í 2 deildum og þær báðar svo fullar sem húsrúm
frekast leyfir.

Verður ekki sjeð, að háttv. Alþingi geti lengur daufbeyrst við hinni marg-
endurteknu kröfu um fullkominn gagnfræðaskóla fyrir Vestfirði. Þvert á móti
ætti að mega vænta þess, að því væri ljúft að bæta nú fyrir vanrækslu fyrri ára
í þessu efni.